

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Landverndar og Miðstöðvar útivistar og útináms. Hún hefur það meginmarkmið að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum, en samkeppnin er opin öllum nemendum í 5-10 bekk grunnskóla hér á landi.

### Varðliðar umhverfisins árið 2021

**Nemendur í 5.-7. bekk Foldaskóla** fyrir verkefnið *Sjálfbærni – náttúra - sköpun* sem unnið var í samstarfi við LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar. Verkefnin, sem fanga umhverfismálin á fjölbreyttan hátt, voru til sýnis á Barnamenningarhátíð nú í vor.

*Sjálfbærni – náttúra - sköpun* er þrískipt verkefni þar sem nemendur skólastiganna þriggja unnu með mismunandi hætti að því að auka skilning sinn á samhengi neyslu, samfélags og náttúru jarðar og hvernig þeir geti haft áhrif til góðs í umgengni við jörðina. Þannig unnu nemendur 5. bekkjar með plast, skaðleg áhrif þess á náttúruna og möguleika á að draga úr notkun þess og mikilvægi endurvinnslu. Þjuggu börnin m.a. til plastskúlptúra og býsvaxdúka úr afgangsefnum frá heimilunum. Nemendur 6. bekkjar tóku á sama tíma fyrir veður og áhrif loftslagsbreytinga á náttúruna með því að útbúa vindörvar úr afgangsspýtum og sýningarkassa af veðurfari og náttúru úr endurvinnanlegu efni. Á meðan skoðaði 7. bekkur lífsferil bómullar, með áherslu á gallabuxur. Kynntu börnin sér umhverfismengunina sem fylgir textílnaðinum og unnu listaverk úr ónothæfum gallafatnaði sem fékk við þetta nýtt líf.

Að mati valnefndar er verkefnið vel til þess fallið að hvetja börnin til góðra verka í umhverfisvernd og sjálfbærni á sama tíma og sköpunargleði þeirra er virkjuð. Sömuleiðis hafi verkefnið áhrif fram yfir líftíma sinn og veiti hvatningu innan skóla m.a. fyrir tilstilli „margnota brosspjalda“ sem veitt eru í bekkjum fyrir margvíslega umhverfisþætti. Þá nái það ekki síður vel út fyrir skólann og með því geri nemendur sitt til að breyta hegðun annarra til hins betra, jafnt innan sem utan nærsamfélagsins.

**Nemendur unglíngadeildar Öldutúnsskóla** fyrir verkefnið *Nýtt samfélag*. Í verkefninu unnu nemendur saman í hópum að því að búa til nýjan samastað fyrir mannkyn, eftir að jarðarbúa höfðu þurft að flýja jörðina vegna loftslagsbreytinga. Markmið verkefnisins var að nemendur myndu leiðir til þess að varðveita auðlindir hinnar nýju jarðar fyrir komandi kynslóðir.

Við vinnuna tvinnuðu nemendur bókleg fög saman við umhverfissjónarmið og höfðu í huga hvernig fór fyrir jörðinni við leit að lausnum við sköpun þessa nýja dvalarstaðar mannkyns. Við uppbygginguna huguðu börnin m.a. að náttúrunni, árstíðabundnu veðurfari og loftslagsbreytingum, siðferðilegum þáttum í samfélaginu og sjálfbærni, með það fyrir augum að virkja sköpunarkraftinn við varðveislu auðlinda hinnar nýju jarðar fyrir komandi kynslóðir.

Er það mat valnefndar að verkefnið sé vel til þess fallið að opna augu nemenda og annarra fyrir þeim áskorunum sem loftslagsbreytingar fela í sér og hvetja til frekari umræðu. Verkefnin séu skapandi og taki með lausnamiðuðum hætti á þeim margvíslegu áskorunum sem þjóðir heims standa frammi fyrir.

### Varðliðar umhverfisins 2020

**Nemendur í 6. og 7. bekk Húsaskóla** fyrir verkefnið *Fólk á flóttu*, þar sem aðstæður flóttafólks og vandinn sem það stendur frammi fyrir eru skoðuð. Nemendur unnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, aðstæður flóttabarna, mikilvægi aðgangs að hreinu lofti og vatni og sjálfbæra þróun.

Í verkefninu settu börnin sig m.a. í spor barna á flóttu með gerð borðspila þar sem þau þurftu að takast á við þær áskoranir og erfiðleika sem þeim mæta.

Er það mat valnefndar að verkefnið sé vel til þess fallið að opnað augu nemenda og annarra fyrir þeim margvíslegu áskorunum þjóðir heims standa frammi fyrir m.a. vegna áhrifa loftslagsbreytinga á fjölbýl svæði víða um heim, en búast má við að loftslagsflóttamönnum eigi eftir að fjölga verulega á komandi árum.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa valnefnd verkefnasamkeppninnar og var hún að þessu sinni skipuð þeim Önnu Kristínu Bang Pétursdóttur frá Miðstöð útivistar og útináms, Sigurlaugu Arnardóttur og Katrínu Magnúsdóttur frá Landvernd og Önnu Sigríði Einarsdóttur frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.